# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 76


## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Brjef. 29/7 '11
Bygg. 16

Hjermeð vil jeg leyfa mjer að fara þess á leit við hina heiðruðu byggingarnefnd að hún veitti mjer leyfi til byggingar á lóð minni Smiðjustig 4 úr timbri og járnklætt, - og með brandveggjum einsog byggingarsamþyktin ákveður.

Uppdrátt af lóðinni sem byggingin á að standa á fylgir hjermeð.

Reykjavík 22 júli 1911.

Virðingarfyllst
Sigg(e)ir Torfason

Til
byggingarnefndarinnar í Reykjavík

B. Rvk. 436/11 an Bygg. 16.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit

af fundargjörð byggingarnefndarinnar

Ár 1911 hinn 29. dag júlímánaðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni og var þá fyrirtekið.

1. Klemens Jónssyni, landritara leyft að setja kvistglugga á hús hans nr. 22 við Tjarnargötu, þeim megin er að Tjarnarbrekkunni snýr.
2. Sigurði Þórðarsyni leyft að gjöra á lóð sinni nr. 4 við Smiðjustíg:
   a, Hesthús 8°9" x 5°6" að stærð
   b, Heyhús 11°3" x 8°9" — „ —
   c, Vagnhús 7½° x 7° — „ —
3. Guðm. Egilssyni leyft að gjöra brauðgjörðarhús að sumarverðu á lóð hans nr. 42 við Laugaveg. Það er áskilið að heilbrigðisnefnd og brunamálanefnd veiti leyfi til að taka húsið til notkunar áður en byrjað verður að baka í því. Húsið er 18 x 12 álnir að stærð.–
4. Tryggva Gunnarssyni falið að leita samkomulags við Ólaf Jónsson um endurkaup á lóð hans nr. 12 við Kárastíg.–
5. Bæjarstjórnin hefur vísað til nefndarinnar erindi frá Stefáni Egilssyni, þar sem hann býður henni forkaupsrjett að 234 ferálnum sem eptir eru af erfðafestulandi hans við Grettisgötu (Norðurholtsbletti). Nefndin leggur til, að forkaupsrjettinum sje hafnað, en Stefáni heimilað að breyta landinu í byggingarlóð gegn 20 aura gjaldi í bæjarsjóð fyrir hverja feralin (20% af 1 krónu).–

Jón Jensson og Rögnv. Ólafsson ekki á fund.

Fundi slitið

Tr. Gunnarsson Páll Einarsson K. Zimsen
B. Jónasson [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg skal með bréfi þessu mælast til, að háttvirt byggingarnefnd vildi veita samþykki sitt til, að jeg mætti setja glugga út um þakið á vesturhlið húss míns, uppi að Tjarnarbrekkunni. Verði þessi nýji gluggi eins útlits og gluggi sá, sem fyrir er á vesturhliðinni.

Reykjavík, 24. júlí 1911

Virðingarfyllst

Kl. Jónsson

Byggingarnefnd Reykjavíkur

435/

B. Rvk. 1 m. B. 16

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Byggingarnefnd.

Hjermeð leyfi jeg mjer virðingarfyllst, að spyrja hina heiðruðu bæjarstjórn að, hvört hún vill nota forkaupsrjett sinn að lóðarspildu þeirri, sem jeg á eftir af erfðafestulandi mínu (svokölluðum Norðurholtsbletti;) Lóðarspildan er að stærð 234 □ álnir og liggur að ofanverðu við Grettisgötu milli húsanna no 2 - 6

Þess skal getið, að bæjarstjórnin hefur áður neitað forkaupsrjetti á þessari lóð.

Reykjavík 18d Júli 1911

Stefán Egilsson
Steinsm.

Verð: 1 kr. pr. alin. —

Til bæjarstjórnarinnar
í Reykjavík

B. Rv.

Afgr. 14/11 By. 16.

Alls hugið af bæjarverkfræðing.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirritaður leyfi mér hér með að fara þess á leit við hina háttvirtu bygginganefnd Rvíkur að hún veiti mér leyfi til þess að byggja brandgerðarhús á baklóð minni við Laugaveg 42.

Húsið verður gjört úr steinsteypu, einlyft og með eldvarnarveggjum á tvo vegu móti nágrannalóðunum. Stærðin er 18 + 12 áln. Útlit eins og meðfylgjandi uppdráttur sýnir.

Reykjavík, 28. júlí 1911.

Guðm. Egilsson

Til Bygginganefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B. Rak. 4/8 1911 B X/6.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur